

2. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

05.01.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 16.30

Mætt:

Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir og Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Umsókn um sérstakt framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs

Arnardrangur sækir um úthlutun sérstaks framlags frá vegna aðgengismála vegna byggingar og frágangs við sex íbúðakjarna fyrir fatlað fólk við Nauthaga 2 á Selfossi. Sótt er um styrk á grundvelli liðar a. „Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða“.

Veitt hefur verið stofnframlag sem miðar við stofnframlagsstofn að 230.368.200 mkr. Sótt er um framlag vegna viðbótarverkefna utan stofnframlags sem eru 35 mkr. Framlag Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs miðar við 50% kostnaðarhlutdeild og er því styrkbeiðni Arnardrangs nú samtals kr. 17.500.000

Stjórn Arnardrangs samþykkir erindið og felur verkefnastjóra að leggja það fyrir stjórn Bergisans bs.

Fundi slitið klukkan 16:40